

# Lög

**um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun  
hryðjuverka, nr. 64/2006, með síðari breytingum  
(sýndarfé og stafræn veski).**

---

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir stafliðir, o- og p-liður, svohljóðandi:
  - o. Þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla.
  - p. Þjónustuveitendur stafrænna veskja.
- b. Í stað orðanna „m- og n-lið“ í 2. mgr. kemur: og m–p-lið.

## 2. gr.

Við 3. gr. laganna bætast þrír nýir töluliðir, 11.–13. tölul., svohljóðandi:

11. *Sýndarfé*: Hvers konar stafrænt fé sem er hvorki rafeyrir í skilningi laga um útgáfu og meðferð rafeyris né gjaldmiðill.
12. *Gjaldmiðill*: Seðlar, mynt og aðrir gjaldmiðlar sem seðlabankar eða aðrir til þess bærir opinberir aðilar gefa út og er viðurkenndur lögmæltur gjaldmiðill.
13. *Þjónustuveitandi stafrænna veskja*: Einstaklingur eða lógaðili sem býður upp á vörlusu þjónustu á auðkennum sýndarfjár, hvort sem er með hugbúnaði, kerfi eða annars konar miðli til að halda utan um, geyma og flytja sýndarfé.

## 3. gr.

Í stað orðanna „m- og n-lið“ í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: og m–p-lið.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. a laganna:

- a. Á eftir orðinu „verðmætasendingarþjónustu“ í 1. mgr. kemur: og þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og þjónustuveitendur stafrænna veskja.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skráningarskylda*.

## 5. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þjónustuveitendur sem við gildistöku þessa ákvæðis bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og þjónustuveitendur stafrænna veskja skulu óska eftir skráningu hjá Fjármálaeftirlitinu samkvæmt lögum þessum eigi síðar en einum mánuði frá gildistöku þessa ákvæðis. Fjármálaeftirlitið skal taka afstöðu til skráningarinnar innan 30 daga eftir að umsókn berst.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 12. júní 2018.*